



Kennari: Óskar G Jónsson ([oskar@fsu.is](mailto:oskar@fsu.is))  
Svanur Ingvarsson ([svanur@fsu.is](mailto:svanur@fsu.is))

Skammstöfun: ÓGJ  
Skammstöfun: SI

### Áfangalýsing

Í áfanganum eru kennd grunnatriði trésmíða með áherslu á þekkingu og færni í notkun handverkfæra og rafmagnshandverkfæra, trésmíðningar, límingar, þússning og yfirborðsmeðferð. Haldið er áfram umfjöllun um efnisfræði tréiðna þar sem ítarlegar er farið í ýmsa eðliseiginleika viðar, flokkun, merkingar og þurrkun. Nemendur kynnst notkun algengra tegunda viðarlíms og yfirborðsefna og tekið er fyrir val og umhirða á verkfærum s.s. stillingar, brýnsla, vinnubrögð og öryggisþættir. Nemendur læra að nota hefilbekki og stilla með áherslu á góða vinnuaðstöðu við mismunandi verk. Kennslan byggist að hluta á fyrirlestrum þar sem kennari útskýrir grunnatriði fyrir nemendum en stærsti hlutinn eru fjölbreytileg smíðaverkefni sem byggjast á markmiðum áfangans. Áfanginn er bæði ætlaður húsasmíðum og húsgagnasmíðum.

### Markmið áfangans

#### Að nemendur

- Kunni skil á algengasta smíðavið og smíðafestingum
- Geti notað algengustu hand-og rafmagnshandverkfæri
- Þekki helstu trésmíðningar og geti notað þær við einfalda trésmíði
- Þekki grunnatriði í yfirborðsmeðferð smíðaviðar og plötuefnis
- Geti smíðað einfalda nytjahluti eftir teikningu og verklýsingu

### Kennslugögn

- Verkefnamappa
- Nemendur kaupa hefil og 3-5 misstór sporjárn í samráði við kennara

### Verkefni

- Skylduverkefni verkleg/bókleg
- Valverkefni í samráði við kennara (ef tími vinnst til)

### Verkefnaskil

- Sett eru tímamörk á einstök verkefni sé ástæða til, annars farið eftir getu hvers og eins
- Ljúka skal öllum skylduverkefnum, verklegum sem bóklegum

### Námsmat

- Smíðamunir og símat 80 %
- Skrifleg próf/verkefni 20 %
- Smíðamunir eru metnir um leið og smíði fer fram í samráði við nemandan, einnig er vetrareinkunn byggð á mati á hegðun, áhuga og ástundun
- Til að standast áfangann er lágmarkseinkunnar (45%) krafist fyrir hvern þátt námsmatsins þ.e. smíðamuni, símat og skrifleg verkefni/próf.

### Mætingareglur

- Hámark fjarvista/veikinda eru 20 F
- Símanotkun er óheimil í kennslustundum og getur varðað brottvísun úr tíma

### Annað

Óskar kennir 4 tíma á viku mest tengt vélavinnu. Svanur kennir 8 tíma viku mest tengt handverki.